



Daníel Þorsteinsson píanóleikari stundaði sitt tónlistarnám í Neskaupstað, við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Tónlistarskólann í Reykjavík. Framhaldsprófi lauk hann frá Sweelinck tónlistarháskólanum í Amsterdam árið 1993.

Daníel hefur komið fram víða um heim í einleik og samleik, auk þess sem hann hefur samið og útsett tónlist fyrir leikhús, söngvara og kóra, og leikið inná fjölda hljómdiska tónlist af ýmsu tagi.

Árið 2000 samdi hann að beiðni Akureyrarkirkju messusöngleikinn *Leiðina til lífsins* við texta Svavars A. Jónssonar en söngleikurinn var fluttur á Kirkjulistaviku í Akureyrarkirkju og í Hallgrímskirkju í Reykjavík. Með CAPUT hópnunum hefur

Daníel komið víðsvegar fram m.a. á Norðurlöndunum, Ítalíu, í Kanada, Bandaríkjunum og Japan. Daníel hefur í þrígang hlotið starfslaun frá Menntamálaráðuneytinu og árið 2000 var hann útnefndur bæjarlistamaður á Akureyri. Hann býr nú í Eyjafjarðarsveit, kennir við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskóla Eyjafjarðar, starfar sem organisti og kórstjóri við Laugalandsprestakall í Eyjafirði og er stjórnandi Kvennakórs Akureyrar.